

Alþingi
Erindi nr. P 139/1224
komudagur 7.2.2011



2011010108
9140

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2011

/--

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, 113. mál

Vísað er til erindis Nefndasviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 113. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að breyting verði m.a. gerð á 32. gr. laganna þannig að við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestun staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

Í greinargerð kemur fram að töluverð umræða hafi verið um tafir á afgreiðslu tillagna að aðalskipulagi fyrir ýmis sveitarfélög hjá Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti.

Rétt er að benda á að Skipulagsstofnun hefur árlega síðustu ár afgreitt um 80 aðalskipulagsáætlanir og breytingar á þeim til staðfestingar og 10 svæðisskipulagsáætlanir og breytingar. Í 4 - 6 tilvikum á ári hefur stofnunin þurft að taka sér lengri frest en tilskilinn er í lögum og hefur þá alltaf tilkynnt sveitarfélaginu að stofnunin þurfi 3 - 8 vikur til viðbótar vegna sérstakra aðstæðna sbr. meðfylgjandi yfirlit. Í þeim tilvikum sem Skipulagsstofnun hefur þurft lengri tíma til að afgreiða aðalskipulag til staðfestingar er um að ræða umfangsmikil og flókin mál og/eða erfiða verkefnastöðu. Skipulagsstofnun telur að ef frumvarpið verður samþykkt og aðalskipulagsáætlanir geti tekið gildi án þess að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið geti skapast ákveðið réttaróryggi og lagabreytingin því síður en svo fallin til þess að tryggja vandaðri vinnubrögð og skilvirkari afgreiðslu á aðalskipulagi sveitarfélaga.

Stefán Thors

Heiti skipulags	Tegund afgreiðslu	Tilkynning + Ástæður dráttar	Tímalengd afgreiðslu	Númer máls
2008 = 2 heil ASK og 3 breytingar				
ASK Reykjanesbæjar	fyrir auglýsingu	18/12'08 - umfang ASK og jóla	innkomið 16/12'08 svarað 29/1'09	2007010069
ASK Grímsnes- og Grafninsghr.	fyrir auglýsingu	18/12'08 - umfang ASK og jóla	innkomið 18/12'08 svarað 26/1'09	2007060085
br-ask Skeiða- og Gnúp., virkjanir í Þjórsá	til staðfestingar	7/8'08 - umfang, fjöldi athugasemda, sumarleyfi	innkomið 14/7'08 svarað 22/9'08	2006100083
br-ask Ölfuss, Hverahlíð, Bitra, Suðrlandsvegur o.s.frv.	til staðfestingar	3/10'08 - umfang, fjöldi athugasemda, vantar skýringar	innkomið 16/9'08 svarað 31/10'08	2007020045
br-ask Kópavogsbæjar, Glaðheimar	til staðfestingar	15/12'08 - umfang	innkomið 27/11'08 svarað 30/1'09	2006080074
2009 = 5 heil ASK				
ASK Skagafjarðar	fyrir auglýsingu	18/3'09 - umfang gagna, þung verkefnastaða	innkomið 20/2'09 svarað 3/4'09	2003070047
ASK Skagafjarðar	til staðfestingar	8/10'09 - umfang gagna og athugasemda	innkomið 18/9'09 svarað 6/11'09 * vegna fundar m. Vegagerð	2003070047
ASK Djúpavogshrepps	fyrir auglýsingu	24/3'09 - umfang gagna, þung verkefnastaða	innkomið 27/2'09 svarað 17/4'09	2000010074
ASK Dalvíkurbyggðar	til staðfestingar	16/7'09 - umfang gagna og sumarleyfi	innkomið 13/7'09 svarað 18/8'09	2003120008
ASK Árneshrepps	fyrir auglýsingu	2/10'09 - umfang gagna og þung verkefnastaða	innkomið 3/9'09 svarað 16/10'09	2005060026
2010 = 4 heil ASK				
ASK Reykjanesbæjar	til staðfestingar	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga (páskar)	innkomið 31/3'10 svarað 18/6'10 * vantaði samþ. sveitarf. + gögn	2007010069
ASK Strandabyggðar	fyrir auglýsingu	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga (páskar)	innkomið 29/3'10 svarað 14/5'10	2006020041

ASK Árborgar	fyrir auglýsingu	23/4'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða í aðdraganda sveitarstjórnarkosni nga (páskar)	Innkomið 29/3'10 svarað 20/5'10	2009120025
ASK Rangárbings eytra	til staðfestingar	24/6'10 - umfang gagna, þung verkefnastaða, sumarleyfi	Innkomið 3/6'10 svarað 8/7'10	2008120007